

Fundargerð 63. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, fimmtudaginn 18. mars kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 62. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 12. febrúar sl. lögð fram til samþykktar.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Umsögn sambandsins um drög að stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032, mál nr. S-6/2021 - 2102021SA

Málið var áður á dagsskrá verkefnisstjórnarinnar þann 12. febrúar sl. Verkefnisstjóri gerði grein fyrir fundum með ráðuneytinu um áframhaldandi vinnu við gerð stefnunnar sem og vinnu við frumvarpsdrög um hringrásarhagkerfi.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að sveitarfélög fái góða kynningu á breytingum í þeirra starfsemi í framhaldi af samþykkt stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs. Einnig er nauðsynlegt að sveitarfélög fái stuðning við innleiðingu breytinga ef væntanlegt frumvarp um hringrásarhagkerfið verður að veruleika enda lítur út fyrir að skammur tími gefist til undirbúnings og innleiðingar.

3. Kostnaðaráhrif fyrirhugaðs frumvarps - 2009227SA

Fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og sambandsins funduðu þann 10. mars sl. í tengslum við vinnu ráðuneytisins við að meta kostnaðaráhrif fyrirhugaðs frumvarps að breytingum á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, mál nr. 11/2021. Í framhaldi af fundinum sendi ráðuneytið drög að kostnaðarmatinu, án dagsetningar. Drögin byggja að hluta til á upplýsingum sem fengnar voru í gegnum tvær kannanir sem sendar voru til sveitarfélaganna í samstarfi við sambandið um kostnað við meðhöndlun úrgangs.

Reynir Jónsson sérfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kynnti drögin að kostnaðarmatinu og svaraði spurningum fundarmanna.

Verkefnisstjórnin þakkar fyrir góða yfirferð. Að mati verkefnisstjórnar er nauðsynlegt að óvissu um þátttöku Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga sé eytt

Því það er lykilatriði í því að kostnaðarmat ráðuneytisins standist. Einnig þarf að bæta við kostnaði við kynningu og innleiðingu enda er um stórt breytingarverkefni að ræða sem krefst virkrar þátttöku ríkis, sveitarfélaga, Úrvinnslusjóðs, atvinnulífs og heimila. Sem dæmi þarf innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs að taka verulegum breytingum í tengslum við innleiðingu á "borgaðu þegar þú hendir" aðferðinni við innheimtu sem ætlunin er að koma á.

4. Mótun tillagna um bygginga-, framkvæmda- og niðurrifsúrgang - 2101022SA

„Byggjum grænni framtíð“ er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leiðir verkefnið. Verkefnið á rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Viðfangsefnið felst í að afla upplýsinga um losun mannvirkjagerðar, setja markmið um að minnka þá losun til 2030 og skilgreina aðgerðir svo það takist. Þann 9. mars sl. var haldin í tengslum við verkefnið vinnustofa um lok líftíma bygginga og hringrásarhagkerfið þar sem unnið var með tillögur vinnuhóps um málið, dags. 9. mars. Vinnuhópurinn mun nýta niðurstöður vinnustofunnar til að fullklára tillögur sínar að aðgerðum sem stuðla eiga að öflugri hringrás innan mannvirkjageirans.

Alexandra Kjeld sérfræðingur hjá Eflu sem fer fyrir vinnuhópnum um lok líftíma mætti á fundinn og sagði frá vinnunni.

Verkefnisstjórnin þakkar fyrir góðu kynningu og hvetur til þess að haft sé í huga að innleiða hagræna hvata til að tryggja að efni fari í bestu mögulegu meðhöndlun.

5. Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu - 2009208SA

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu létu vinna fýsileikaskýrslu, dags. 14. janúar, um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024. Haldinn var kynningarfundur um málið 29. janúar sl. Á fundinum var einnig farið yfir minnisblað starfshóps um efni skýrslunnar, dags. 12. janúar sl.

Í sóknaráætlun er lögð fram sú megináhersla að samhæfa og bæta meðferð úrgangs og er kveðið á um að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vilji skoða sameiginlega úrgangsflokkun svo sú megináhersla nái fram að ganga. Jafnframt er kveðið á um að minnka urðun um 25% yfir tímabilið og að endurnýtingarhlutfall úrgangs frá heimilum verði 95% við lok árs 2024. Sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa í sérstakan starfshóp til að stýra gerð skýrslunnar og leiðbeina skýrsluhöfundum við gerð hennar.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins mætti á fundinn undir þessum lið.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir góða kynningu á verkefninu.

6. Söfnun og meðhöndlun heyrúlluplasts - 2011022SA

Sveitarfélög hafa mörg hver samning um söfnun og aðra meðhöndlun heyrúlluplasts beint frá bændum auk þess að bjóða aðstöðu til að skila

heyrúlluplasti. Plastið hefur annað hvort verið meðhöndlað innanlands eða sent erlendis til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar. Oft á tíðum bera sveitarfélög þó nokkurn kostnað af þessum úrgangsflokki og mjög óljóst er í hversu miklu mæli endurgjald og flutningsjöfnun Úrvinnslusjóðs dregur úr þessum kostnaði. Jafnframt er óljóst hvaða verklag við kaup og meðhöndlun heyrúlluplasts styður við hámarks endurvinnslu heyrúlluplasts. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnarinnar 12. febrúar sl.

Vigdís Häsler framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, Unnsteinn Snorri Snorrason framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda og Sigurður Halldórsson framkvæmdarstjóri Pure North Recycling mættu á fundinn til að ræða meðhöndlun heyrúlluplasts.

Vigdís og Unnsteinn fóru yfir umhverfismarkmið landbúnaðarins og þá vinnu sem framundan er á því sviði m.a. hvað varðar endurvinnslu plasts. Sigurður fór yfir starf Pure North Recycling ehf. m.a. í endurvinnslu á öllum litum af heyrúlluplasti og möguleika þeirra til að taka við auknu magni af heyrúlluplasti og öðru plasti til endurvinnslu. Fyrirtækið getur tekið á móti meira magni af heyrúlluplasti en það gerir í dag og er komið í samstarf við sveitarfélög um meðhöndlun heyrúlluplasts sem fellur til hjá þeim.

Verkefnisstjórn þakkar gestum fyrir samtalið og væntir þess að málið verði til umræðu aftur síðar.

7. Aðkoma sambandsins að aðgerðum í drögum að stefnu ráðherra - 2012018SA

Sambandið hefur verið fengið til samstarfs við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um tvær aðgerðir sem koma fram í drögum að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 6/2021. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnarinnar þann 12. febrúar.

Verkefnastjóri fór yfir framvindu málsins og mun verkefnisstjórnin vera upplýst um framvindu umræddra aðgerða.

8. Önnur mál - 2009111SA

Samþykkt var að næsti fundur yrði 26. apríl 2021.

Fundi var slitið kl. 15:00

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson